



## MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Tilvísun K-28

Kennarasamband Íslands  
h/t Svanhildar Kaaber form.  
Grettisgötu 89  
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. ágúst 1989  
SJ/fg

Menntamálaráðuneytið er samþykkt því að þeir félagar innan Kennarasambands Íslands, sem kjörnir eru til trúnaðarstarfa, saki án skerðingar á reglubundnum launum; þing, fundi, ráðstefnur og námskeið, sem haldin eru á vegum sambandsins, enda verði fjarvistir af þeim sökum að jafnaði ekki meiri en ein vika á ári. 1)

Fjarvistir geta orðið meiri en að ofan greinir þegar um stjórnarmenn í K.Í. er að ræða og er þeim heimilt að sækja stjórnarfundum án skerðingar launa.

Þeir, sem kjörnir eru í samninganefnd í kjarasamningum fá leyfi til að sinna því verkefni án skerðingar reglubundinna launa.

Í öllum framangreindum tilvikum ber að tilkynna yfirmanni viðkomandi stofnunar vantanlegar fjarvistir með minnst viku fyrirvara.

1) Um þetta atriði vísast til bréfs fjármálaráðherra til Bandalags starfsmanna ríkis og þessa dags. 14. október 1980.